



Fulltrúar úr sveitafélögnum fjórum ásamt Díönu forstjóra, Jóhönnu hjúkrunarstjóra á Heilsugæslu Uppsveita og Hafdís Sif yfirlækni. Mynd: HSU.

Heilsugæsla Uppsveita opnuð

Heilsugæsla Uppsveita opnaði miðvikudaginn 5. nóvember og var vel sótt úr öllum sveitarfélögum. Tíu ungum fulltrúum frá sveitarfélögum fjórum sem mynda uppsveitir Árnassýslu boðin á opnunina. Þessir flottu fulltrúar stóðu sem táknmynd framtíðarneytenda Heilsugæslu Uppsveita.

Nýtt húsnæði Heilsugæslu Uppsveita stendur við Hrunamannaveg 3 að Flúðum og var gestum og sveitungum öllum boðið að heimsækja nýju starfsstöðina, ganga um húsnæðið, tala við starfsfólk og kynna sér nýju aðstöðuna. Fjöldi fólks úr öllum nærliggjandi sveitum komu til að bera nýja staðsetningu augum og var fjöldi gesta á opnunina um 250 manns.

Langur aðdragandi hefur verið að þessum flutningum og hefur starfsfólk Heilsugæslu Uppsveita hefur dregið þungan af þessum breytingum og fengu að hanna húsið eftir sínu höfði og með þjónustukosti að leiðarljósi. Samhliða opnunin mun Apótek Suðurlands opna við hlið heilsugæslunnar. Til að byrja með verður opnunartími apóteksins frá kl. 9 til 16 alla virka daga.

Það er gaman að segja frá því að samkvæmt þjónustukönnun sem Heilbrigðisstofnun Suðurlands sendir út til neytenda mælist þjónustan sem Heilsugæsla Uppsveita veitir sínu fólki í hæstu hæðum. Slíkar niðurstöður eru starfsfólkinu og starfsemi mikill mælikvarði á

hversu öflugt starfsfólk stendur innan veggja Heilsugæslu Uppsveita. En Heilsugæsla Uppsveita þjónustar allar uppsveitir Árnassýslu og myndar þannig eitt víðfeðmasta þjónustusvæði sem starfsstöð á vegum HSU þekur.

Með breytingunum fylgja þrír fastráðnir lækningar. Þau Hafdís Sif Svavarsdóttir, Jón Benediktsson og Rakel Lind Úlfhédinsdóttir lækningar starfa öll á Heilsugæslu Uppsveita.

Hefðbundin starfsemi hófst á fimmtudeginum 6. nóv. og getur fólk hringt í 1700 allan sólarhringinn og fengið leiðbeinandi ráðgjöf frá hjúkrunarfræðingi sem getur leyst úr erindinu eða vísað þér í framhaldi í viðeigandi úrræði, t.d. til lækis. HSU

Grímur Hergeirsson skipaður ríkislögreglustjóri

Grímur Hergeirsson, lögreglustjóri á Suðurlandi, hefur af dómsmálaráðherra verið tímabundið skipaður í embætti ríkislögreglustjóra eftir að Sigríður Björk Guðjónsdóttir óskaði eftir því að láta af embættinu.

Grímur hóf störf hjá lögreglunni 1996 og hefur verið lögreglustjóri á Suðurlandi síðan árið 2022.

Í samtali við mbl.is segist Grímur fara í starfið með jákvæðum hug og hlakki til að takast á við verkefnið fram undan.



Mynd: Stjórnarráðið.

Sigurður sigrar Blítt og Létt

Kynningardagur og söngvakeppni Menntaskólans að Laugarvatni, Blítt og Létt, fór fram með glæsibrag 6. nóvember sl. Atriðin voru 12 og sátu Elva Rún Pétursdóttir, Fannar Ingi Friðbjólfsson og Pálmi Gunnarsson yfir dómnefnd keppinnar.

Sigurvegari kvöldsins var Sigurður Emil Pálsson sem tók Sumar konur eftir Bubba Morthens sem gerir hann að fulltrúa ML í Söngkeppni framhaldsskólanna 2026. Keppnin heppnaðist afar vel og stóðu allir keppendur sig frábærlega.

Í öðru sæti var hún Hjördís Katla Jónasdóttir fyrir flutning sinn á Braggablús og í 3. sæti var Hallgrímur Daðason með frumsamið lag, Eins og þá. Þær Aðalheiður Sif Guðjónsdóttir, Metta Malín Bridde

og Sigurbjörg Marta Baldursdóttir hlutu titil fyrir skemmtilegasta atriðið með laginu Sveitapiltsins draumur.

Nánar má lesa um keppnina á bls. 4.



Mynd: ML.

Fáðu fagmann í verkið



Framúrskarandi fyrirtæki 2020-2025



PIPULAGNIR
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656

NÝR TOYOTA PROACE



Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000



Toyota
Selfossi



AÐALSKOÐUN

Er kominn tími á skoðun?



Eyrangevegur 51, 800 Selfoss
Sími 590-6996



Basar

Hringskonur verða með basar í Grænumörk 5, Selfossi. Laugardaginn 15. nóvember frá kl. 13.00. Fallegt handverk að vanda. Posi á staðnum

Hlökkum til að sjá ykkur,



DAGAR TIL JÓLA

Háskólalestin á Suðurlandi - Vísindi fyrir allt samfélagið

Dagana 19.–22. nóvember heimsækir Háskólalest Háskóla Íslands Suðurland og býður nemendum, kennurum og íbúum upp á sannkallað vísinda-ævintýri.

Í áhöfn lestarinnar eru vísindamenn úr fjölbreyttum greinum Háskóla Íslands, þar á meðal frá Rannsóknasetri skólans á Suðurlandi, sem miðla þekkingu sinni á lifandi og skemmtilegan hátt.

Laugardaginn 22. nóvember verður Opið vísindahús í Félagsheimilinu Borg í Grímsnesi frá kl. 13 til 16 þar sem gestir á öllum aldri á Suðurlandi geta upplifað vísindin á lifandi og spennandi hátt. Þátttakendur geta m.a. látið reyna á hæfileika sína í því að taka fréttaviðtöl, prófað töl og tæki sjúkraþjálfara, kynnst ólíkum heimum gervigreindar og séð undur efnafræðinnar hjá Sprengju-Kötu. Þá geta gestir mælt gripstyrk sinn, spilað og keppt í tölvuleik um tölur, fengið innsýn í eðlisfræði skopparabolta og pappírshátta og

kynnst ævintýrum fuglanna með fuglafræðingi við Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurlandi.

Aðgangur er ókeypis, öll hjartanlega velkomin og engin skráning nauðsynleg.

Kjörið tækifæri fyrir börn á öllum aldri, foreldra, ömmur og afa, frænkur, frændur, systkini og allt þar á milli.

Fimmtudaginn 20. nóvember verða haldin fjölbreytt námskeið fyrir nemendur í 8.–10. bekk frá skólum Uppsveita og Flóa. Nemendur frá Bláskógaskóla, Reykholtsskóla, Flúðaskóla, Kerhólsskóla, Þjórsárskóla og Flóaskóla hittast í Flóaskóla, þar sem kennslan fer fram.

Á meðal námskeiða í boði eru eðlisfræði skopparabolta og pappírshátta, blaða- og fréttamennska, efnafræði á tilraunastofu, íþróttar- og heilsufræði, tölvuleikur og tölur, sjúkraþjálfun, leiklist, ævintýri fuglanna, jákvæð sálfræði og gervigreind. Hver nemandi situr þrjú námskeið.

Daginn áður, miðvikudaginn 19. nóvember, býðst kennurum grunnskólanna í Uppsveitum og Flóa að sækja kennarasmiðjur og stendur valið á milli smiðja um gervigreind, verklega náttúruvísindakennslu og hegðunavanda og ofbeldi nemenda.

Suðurland er þriðji áfangastaður lestarinnar í ár, en hún heimsótti Vopnafjörð og Patreksfjörð í vor. Frá árinu 2011 hefur Háskólalestin ferðast vítt og breitt um landið og miðlað vísindum á líflegan og fjölbreyttan hátt en markmiðið er að efla tengsl Háskóla Íslands við samfélög landsins og styðja við starf grunnskóla.

Háskólalestin hefur heimsótt vel á fjórða tug áfangastaða og hlotið einstaklega hlýjar mót-tökur hvert sem hún kemur. Hún hefur einnig hlotið Vísindamiðunarverðlaun Rannís.

Fylgjast má með ferð Háskólalestarinnar á <https://haskolalestin.hi.is> og á Facebook-síðu lestarinnar.





HÚSASMÍÐJU DAGAR

Fimmtudag til laugardags

Á SELFOSSI



Skoðaðu
öll tilboðin

25%

afsláttur



Jólablaðið
er komið út
Nánast allar
vörur á tilboði
á Húsasmíðju-
dögum

Seríur og jólaljós • Aðventuljós • Gluggaljós • Jólappír og borðar
Gervijólatré • Jólaskraut • Allt á jólatréð • Jólasyttur • Jólasveinar
Allt á aðventukransinn og jólaskreytingarnar • Grenilengjur
Pottaplöntur • Dúkar og servíettur • Kerti, kertastjakar og bakkar

Blöndunartæki (Grohe, Ferro, Damixa) • **Rafmagnsverkfæri** (Hikoki, Black+Decker, Milwaukee, Makita, Worx, DeWalt)

LADY málning • **LADY lakk** • **Perur og ljós** (Gildir ekki af HUE og WIZ) • **Salerni og handlaugar**

Smáraftæki • **Eldhúsvaskar** • **Parket** • **Flísar** • **Búsáhöld** • **Pottar og pönnur**

Diskar, glös, bollar og matarstell • **Bökunarvörur** • **Hreingerningavörur**

... og margt fleira

Afsáttur gildir ekki af tilboðsvörum og „Lagsta lága verð Húsasmíðjunnar“.

Birt með lýræða um prentvillur og myndavél. Útval getur verið misjafnt milli verslana.

MÍMIR NEMENDAFÉLAG MENNTASKÓLANS AÐ LAUGARVATNI

UMSJÓN:
ELENA R. MARQUEZ



SÖNGVAKEPPNIN BLÍTT OG LÉTT HALDIN Í SÍÐUSTU VIKU

GÓÐAN DAG, KÆRU SUNNLENDINGAR

Söngvakeppni Menntaskólans að Laugarvatni Blítt og Létt var haldin þann 6. nóvember sl. og var kynningar dagur skólans fyrr þann dag. Á kynningardeg ML eru nemendur 10. bekkjar úr flestum skólum á Suðurlandi boðið að koma í heimssókn og fá kynningar um nám í skólanum og einnig tækifæri til að skoða heimavistirnar, síðan ljúka krakkarnir deginum á að mæta á söngvakeppninni Blítt og Létt sem er haldin í íþróttahúsi Laugarvatns.

Þetta árið var fengið hljómsveitina Stones til þess að leika undir og er það sama húsband og hefur verið fengið undanfarin ár. Kynnar kvöldsins voru ný-stúdent Emma Ýr Friðriksdóttir og Ragnar Dagur Hjaltason og skemmtu þau gestum að bestu leyti. Atriði kvöldsins voru 12 talsins og voru þau Elva Rún Pétursdóttir, Fannar Ingi Friðþjófsson og Pálmi Gunnarsson fengin til þess að dæmi atriðin og velja sigurvegara.

Í keppninni eru fjögur sæti í boði sem eru: skemmtilegasta atriði, 3. sæti, 2. sæti og 1. sæti. Þetta árið hlutu

þær Aðalheiður Sif Guðjónsdóttir, Metta Malín Bridde og Sigurbjörg Marta Baldursdóttir titilinn skemmtilegasta atriði, þær sungu lagið Sveitapiltsins draumur eftir Hljóma. Í þriðja sæti var hann Hallgrímur Daðason með frumsamið lag sem ber nafnið Eins og þá. Annað sætið hlaut hún Hjördis Katla Jónasdóttir og tók hún lagið Braggablús í útgáfu Bubba Morthens. Sigurður Emil Pálsson hlaut fyrsta sætið með lagið Sumar konur sem er

einnig eftir Bubba Morthens og fer þá hann í Söngvakeppni framhaldsskólana fyrir hönd Menntaskólans að Laugarvatni árið 2026 og óskum við honum góðs gengis. Það er alveg ljóst að Blítt og Létt 2025 tókst stórkostlega, allir keppendur stóðu sig frábærlega og var keppnin góð skemmtun.

Elena R. Marquez
Gunnlaugsdóttir,
ritnefndarformaður
nemendafélagsins Mímis.



DAGSKRÁIN FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Prentmet Oddi, Gagnheiði 17, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.
Ritstjóri: Björgvin Rúnar Valentinsson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.
Bláðamaður: Sæbjörg Erla Gunnarsdóttir, sími 482 1944, saebjorg@dfs.is.
Auglýsingaeld: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 4.500 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar systur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X

Prentun: Prentmet Oddi Svansvottuð prentsmíða

Gáta vikunnar

Inniheldur mæta mynd, matarborðið toppar. Flýgur yfir efsta tind, alla bíla stoppar.

Svar við gátu í blaði 2827: **HJÁLMAR**
1. Hjómsveitin Hjálmar
3. Hjálmur Þórs



Sunnlenski matgæðingurinn



Suðrænn fiskréttur og blúndubuxur

Margrét Harpa Guðsteinsdóttir er sunnlenski matgæðingur vikunnar.

Takk fyrir áskorunina kæra Benna Laufey. Fyrir mér er matargerð slump og dass, finnst gott að styðjast við uppskriftir en fer sjaldnast nákvæmlega eftir þeim svo þetta er virkileg áskorun. Mitt fyrsta val að mat er íslensk nautasteik, helst úr eigin framleiðslu, en uppskriftin að góðri steik er gott hráefni, pipar eða steikarkrydd og kjöthitamælir – afar einfalt.

En íslenskur fiskur er einnig gott hráefni og ætla ég því að deila með ykkur uppskrift að fiskrétti sem er vinsæll á mínu heimili. Upprunalega uppskriftin innihélt hrísgrjón en ég nota frekar bankabygg, sem er næringarríkara, bragðmeira og auðvitað framtíðin á Íslandi – en fyrir mér skiptir miklu máli að nota íslenskt hráefni eins og hægt er. Íslenskt – Já, takk!

Suðrænn fiskréttur (Uppskrift fyrir fjóra)

2 bollar soðið íslenskt banka- bygg
600-800 g. þorskur eða ýsa í bitum
100 g. heillhveiti/hveiti
Salt og pipar

Setja soðið bankabygg í eld- fast mót. Blanda hveiti, salti og pipar saman. Velta fisk- stykkjum upp úr hveitiblöndunni og léttsteikja í matarolíu á pönnu. Raða steiktum fiski ofan á bankabyggið.

Yfir fiskinn fer:
200 gr. skornir Flúðasveppir
½ dós ananasbitar
Má einnig setja gulrætur, papriku eða annað græn- meti – best ef það er íslenskt!

Sósa:
8 msk. majónes eða grísk jógúrt
3 tsk. karrí
2 dl ananassafi (úr dósinni)

Krydda majónesið með karríi og blanda ananassafa út í,

Ég skora á bróður minn, Hermund Guðsteinsson, sem næsta matgæðing. Hann er ansi lunkinn í bakstri og hef ég heyrt að hann sé sérlegur pönnukökugerðarmaður Kvenfélagsins á Stokkseyri – sel það þó ekki dýrara en ég keypti það.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.



hræra vel. Hella sósunni yfir réttinn. Setja slatta af rifnum osti og baka í 175°C heitum ofni í 20-30 mínútur. Borið fram með fersku íslensku grænmeti.

Einnig vil ég deila með ykkur uppskrift að kökum sem amma mín á Stokkseyri bauð alltaf upp á í jólaboðum og hef ég tekið upp þann sið frá henni.

Blúndubuxur

½ b. síróp
2 b. haframjöl
2 b. hveiti
2 b. sykurl
½ b. rjóma- bland eða mjólk
1 ½ tsk. lyftiduft
400 gr. bráðið smjör
1 tsk. vanilludropar

Öllu blandað saman við bráðið smjórið, hrært vel með sleif. Athugið að fyrst virðist deigið vera of þunnt en það þykknar eftir smá stund. Sett á plötu með bökunarpappír með te- skeið. Passlegt að setja 9 kökur í einu á plötuna því þær renna mjög út við bakstur. Bakað við 175°C í u.þ.b. 10 mínútur eða þar til kökurnar hafa tekið smá lit (verða ljósbrúnar, flatar með götum líkt og blúndur). Látið kólna, þá harðna þær líkt og kex. Áður en þær eru bornar fram eru þær lagðar saman með þeyttum rjóma, þ.e. kaka er smurð með sæmilega þykku lagi af þeyttum rjóma og önnur lögð ofan á. Best að gera 2-4 tímum áður en þær eru borð- aðar.

Verði ykkur að góðu!

Alrafmagnað 5rval Kia

Fullkomið flæði



Movement that inspires

Endurskilgreindu hvernig þú hreyfir þig gegnum heiminn. Þegar næstþrileg hýnnun mætir rafmagnuðum aflræsum færðu alrafmagnað 5rval Kia. Alrafmagnaðir EV4, EV5, EV3, EV9 og EV6 gera hverja ferð vel þess virði. Hreyfðu þig milli staða í fullkomnu flæði.

Við tækum vel af mátti þess sýningarsal okkar að Hrísmári 3.

Bílasala Selfoss · Hrísmári 3, 800 Selfoss · Sími 480 4000 · bilasalaselfoss.is
Séluafili Kia í Íslandi.


BÍLASALA
— SELFLOSS —



Samstíga að góðri heilsu - Íbúafundur í Rangárþingi

Þann 5. nóvember síðastliðinn var haldinn íbúafundur í Rangárþingi í samstarfi við Ásahrepp og Rangárþing eystra og ytra undir yfirskriftinni Samstíga að góðri heilsu. Markmið fundarins var að ná samtali með það fyrir augum að byggja upp sameiginlega framtíðarsýn með heilsu og vellíðan að leiðarljósi.

Anton Kári Halldórsson sá um fundarstjórn. Díana Óskarsdóttir, forstjóri HSU, hóf fundinn á kynningu á stofnuninni með sérstaka áherslu á heilsugæsluna í Rangárþingi. Hún fór meðal annars yfir niðurstöður þjónustukönnunar ríkisins þar sem heilsugæslan í Rangárþingi

fær frábæra einkunn frá þjónustuþegum sínum eða 4,7 af 5 mögulegum.

Á fundinum urðu líflegar og uppbyggilegar umræður um læknamönnun, aukðið samstarf við sveitarfélög, heilsueflingu íbúa og þróun heilsugæslu.

Einnig var rætt um skipulag þjónustu og tækifæri til aukinnar nýsköpunar.

Heilbrigðisstofnun Suðurlands þakkar öllum sem mættu á fundinn kærlega fyrir þátttökuna og framlag sitt til málefna.



Vel var sótt á fundinn. Mynd: HSU.

Auglýsing um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg



Samkvæmt 41. og 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru auglýstar eftirfarandi tillögur deiliskipulags/breytingar:

1. Miðtún 15 - 15a - Deiliskipulagsbreyting

Bæjarstjórn Árborgar samþykkti þann 5.11.2025 tillögu vegna breytingar á deiliskipulagi sem tekur til lóðar Miðtúns 15 - 15a. Í breytingunni felst að lóðirnar eru sameinaðar í eina lóð innan deiliskipulagsins. Gert er ráð fyrir að heimilt verði að byggja fjögurra íbúða raðhús á lóðinni. Samhliða er gert ráð fyrir að hámarkshæð húsanna verði lækkuð úr 8 m í 5.9 m og að hámarks byggingarmagn verði minnkað úr 678 m² í 520 m².

2. Skátafélagið Fossbúar - Félags- og útivistarsvæði - Deiliskipulag

Bæjarstjórn Árborgar samþykkti þann 5.11.2025 tillögu að deiliskipulagi vegna hluta opins svæðis OP1 við Tryggvagötu, sunnan Lóurima og norðan við Sunnulækjarskóla. Í deiliskipulaginu felst afmörkun útivistarsvæðis sem Skátafélagið Fossbúar munu hafa til afnota. Innan tillögunnar er afmarkað svæði þar sem gert er ráð fyrir uppbyggingu húsnaðis sem hýsir skátastarf í Árborg auk þess sem afmarkað er útivistarsvæði sem nýtist jafnt sem opið svæði fyrir almenning og starfsemi skátafélagsins. Markið tillögunnar er m.a. að nýta þá innviði sem svæðið hefur upp á að bjóða eins og bílastæði og gönguleiðir. Nýta þann gróður sem fyrir er og efla hann til muna með gróðursetningu nýrra plantna. Koma fyrir svæði sem nýttast má skólabörnum yfir veturinn til leikja og fræðslu. Koma fyrir litlum opnum húsum sem hýsa grillaðstöðu og fyrir útíkennslu barna auk þess sem gert er ráð fyrir góðri tengingu við önnur opin svæði í næsta nágrenni.

Ofangreind skipulagstillaga liggur frammi til auglýsingar á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, Selfossi. Að auki er hægt að nálgast tillöguna á heimasíðu Sveitarfélagsins Árborgar á vefslóðinni www.arborg.is og á www.skipulagsgatt.is

Skipulagstillagan er í auglýsingu frá 13. nóvember 2025, til og með 2. janúar 2026.

Athugasemdum og ábendingum skal skila inn á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar www.skipulagsgatt.is undir viðeigandi máli. Einnig má koma á framfæri athugasemdum og ábendingum skriflega á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67 á Selfossi, eða með tölvupósti á netfangið skipulag@arborg.is Frestur til að skila inn athugasemdum er til og með 2. janúar 2026.

Í samræmi við 52. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er ákvörðun stjórnvalds kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar um gildistöku skipulags í B-deild Stjórnartíðinda.

Virðingarfyllt,
Vigfús Þór Hróbjartsson
skipulagsfulltrúi

Þakklæti og árangur, uppbygging og samstarf

Eftir vel ígrundaða ákvörðun hef ég ákveðið að gefa ekki kost á mér sem oddviti Framsóknar í Hveragerði fyrir næstu sveitarstjórnarkosningar.

Svona ákvörðun eru tímamót hjá okkur öllum sem helgum daga okkar og tíma sveitarstjórnarmálum - nærsamfélagi okkar allra. Núna er þakklæti mér efst í huga. Þakklæti fyrir að hafa komið að sögulegri uppbyggingu Hveragerðis þetta kjörtímabil, þakklæti fyrir að hafa komið að málum bæjarins á vettvangi bæjarstjórnar í áratug, þakklæti fyrir einstaka samherja og þakklæti fyrir allt það góða samferðafólk sem ég hef kynnst og lært af á vettvangi bæjarpólitíkur - þvert á flokka.

Fyrst og fremst er ég þakklát íbúum Hveragerðisbæjar. Einstakt sveitarfélag er fyrst og alltaf fremst fólk sem bæinn byggir.

Það hefur verið mér mikill heiður og forréttindi að leiða hóp Framsóknar í Hveragerði og vinna að málefnum Hveragerðisbæjar á þessu kjörtímabili. Saman höfum við náð fram miklum og áþreifanlegum árangri sem við getum öll verið stolt af.

Á kjörtímabilinu hefur Hveragerði gengið í gegnum mesta uppvaðarskeið í sögu bæjarins. Tekjur bæjarins hafa aldrei verið meiri og við höfum fundið nýja tekjustofna sem skapa sterkan grunn fyrir framtíðina. Löngu tímabær innviðauppbygging er komin af stað og er hvergi nærri hætt. Stjórn-sýsla hefur tekið stakkaskiptum, í takt við bæ í gæðavexti. Velferðarmál hafa eflst til muna og álögur á barna og fjölskyldufólk hafa minnkað skipulega allt kjörtímabilið og eru nú með því lægsta á landsvísu í Hveragerði.

Við höfum staðið að stórum og mikilvægum verkefnum sem styrkja bæinn til framtíðar:

- Stækkun Grunnskólans í Hveragerði, sem tryggir betra rými fyrir fjölbreytt nám og vaxandi hóp nemenda.

- Ný og glæsileg viðbygging við leikskólann Óskaland, setur ný viðmið í gæðum leikskólamála, tæmir biðlista eftir leikskólaplássi, eykur þjónustu við ungar fjölskyldur og bætir starfskilyrði starfsfólks.

- Ný skólphreinsistöð leysir los áskorun fráveitumála í bænum og setur ný viðmið í gæðum og fagmennsku í þessum málaflokk.

- Nýtt og glæsilegt hverfi er tekið að myndast í Tröllahrauni, Kambalandi. Fyrstu ellefu lóðunum hefur verið úthlutað - þar sem mikil eftirspurn var og fjöldi umsókna.

- Fyrsti gufuhitaði gervigrasvöllur landsins er á lokametrum framkvæmda. Heilsárs knattspyrnuvöllur í bestu gæðum er



mesta aðstöðu bylting í sögu knattspyrnu í Hveragerði - þá geta börn, ungmenni og full-orðnir æft og keppt allt árið við bestu aðstöður.

- Nýtt íþróttahús við þess gamla góða í Skólamörkinni gjörbreytir aðstöðu fyrir inni-íþróttagreinar í Hveragerði auk þess að sérhæfð aðstaða fyrir fimleika verður einnig í nýja húsinu.

- Skipulagsbreytingar á stjórnsýslu bæjarins í takt við breytta tíma með áherslu á skilvirkni, þjónustu og gagnsæi hafa gengið í gegn á kjörtímabilinu.

- Fjárhagur bæjarins hefur styrkst, ársreikningur síðasta árs var með einstaka niðurstöðu og fyrstu drög að fjármálaáætlun fyrir árið 2026 sýnir sögulega góða útgönguspá reksturs.

- Fjölbreytt menningarverkefni sem hafa styrkt bæjarbraginn og samstöðu íbúa.

- Á kjörtímabilinu hefur einnig verið lögð rík áhersla á velferð fjölskyldunnar, sem kristallast í eflingu skóla- og velferðarþjónustunnar.

- Settar voru á foreldragreiðslur, sem auðvelda foreldrum að samræma fjölskyldulíf og atvinnu, frístundastyrkur barna og ungmenna hækkaði um 92% á kjörtímabilinu. Þessi verkefni endurspeglar þá trú Framsóknar að sterkar fjölskyldur séu hornsteinn öflugs samfélags.

Þetta hefur verið tími framfara, samstöðu og árangurs, og ég er ómetanlega þakklát fyrir það traust sem mér hefur verið sýnt í þessu ábyrgðarhlutverki.

Ég vil færa samstarfsfólki mínu í bæjarstjórn, öllu starfsfólki bæjarins og íbúum Hveragerðis mínar innilegustu þakkir fyrir gott samstarf, stuðning og samstöðu á undanförmum árum.

Það er sannur heiður að hafa fengið að vinna fyrir Hveragerðinga og taka þátt í þeirri uppbyggingu sem hefur einkennt þetta kjörtímabil.

Ég mun njóta þess áfram að fylgja eftir góðum verkefnum fram á vorið í bæ gæða mannlífs og blóma.

Með kærri kveðju,
Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir,
oddviti Framsóknar í
Hveragerði

Hjúkrunarheimili í Þorlákshöfn

– Látum verkin tala

Í nýlegri grein lögðu bæjarfulltrúar í Ölfusi fram rökstudda og málefnalega áskorun um að ráðist verði tafarlaust í byggingu nýs hjúkrunarheimilis í Þorlákshöfn. Ég vil þakka þeim fyrir greinargóða umfjöllun og styð þetta framtak af heilum hug. Fjölgun íbúa á efri árum og vaxandi þrýstingur á heilbrigðiskerfið eru staðreyndir sem við á Suðurlandi verðum að bregðast við með ábyrgum og markvissum hætti.

Staðreyndirnar liggja fyrir – og þær kalla á aðgerðir
Greiningar frá Hagstofu Íslands, samtökum sveitarfélaga á Suðurlandi og fleirum sýna skýrt að á næstu árum þarf að fjölga hjúkrunarrýmum á Suðurlandi umtalsvert. Núverandi áform duga ekki til að mæta þeirri þörf sem þegar hefur safnast upp, hvað þá þeirri sem blasir við þegar líður á næsta áratug. Við getum ekki látið viðgangast að tugir og hundruð einstaklinga bíði mánuðum saman eftir nauðsynlegri þjónustu. Það er hvorki mannúðlegt né samfélaginu sæmandi.

Markvissari og stórtækari aðgerða er þörf í uppbyggingu hjúkrunarrýma og þær þurfa að hefjast núna. Sitjum ekki með hendur í skauti á forsendum kerfisins og einhverra meintra hindrana. Lausna er þörf núna.

Þorlákshöfn er góður kostur
Bæjarfulltrúar í Ölfusi benda á sérstöðu Þorlákshafnar sem

staðsetningar fyrir næsta hjúkrunarheimili. Bærinn er í lykilstöðu, bæði gagnvart íbúum Suðurlands og við lausn þess sem kalla mætti fráflæðisvanda á höfuðborgarsvæðinu. Nálægð við bráðabjónustu, vaxandi samfélag með sterka innviði og þverpólítískur vilji til framkvæmda skapa kjöraðstæður til að ráðast í þetta mikilvæga verkefni.

Sú staðreynd að nú þegar hefur verið úthlutað lóð undir 66-88 rými og samkomulag liggur fyrir við einkaaðila með reynslu og þekkingu á byggingu og rekstri hjúkrunarheimila, er ekki aðeins fagnaðarefni heldur líka skýr skilaboð: Þorlákshöfn er tilbúin. Nú þurfum við þingmenn að fylgja málinu eftir, vinna með sveitarfélaginu og þessum kröftugu aðilum sem vilja byggja hjúkrunarheimili og tryggja að framkvæmdir hefjist sem allra fyrst.

Forgangsmál
Ég tek undir áskorun bæjarfulltrúanna til þingmanna Suðurlands og ég mun leggja mitt af mörkum til að þetta verkefni verði forgangsmál á Alþingi. Við eigum ekki að byggja heilbrigðisþjónustu framtíðar á



biðröðum, neyðarrýmum og bráðabirgðalausnum. Við eigum að byggja hana á virðingu, fagmennsku og framtíðarsýn.

Hjúkrunarheimili í Þorlákshöfn er ekki aðeins þörf, það er rétt ákvörðun. Það er fjárfesting í velferð fólks, í jöfnum tækifærum íbúa ólíkra landshluta og í heilbrigðu samfélagi þar sem enginn er skilinn eftir.

Ég hlakka til að vinna áfram með sveitarfélaginu, samtökum sunnlenskra sveitarfélaga og samstarfsfólki á Alþingi að því að þetta mikilvæga mál verði að veruleika.

Karl Gauti Hjaltason
alþingismaður Suðurlands



Á MÖRKUNUM

Á mörkum haustsins
mætir laufið sumargrænum örlögum sínum.

Haustið kemur sem rauðhærð norn
og ríður um vinda á þykkum strákústi.

Í skógunum vitrast okkur póstkortasýn:
lög af gulli og appelsínu, rauðu og purpura.

Brátt munu trén hrista af sér litaskrúðið,
og svartir beinaberir finger þrýstast blákaldir
gegn hvítum mörkum vetrarins.

Stanley H. Barkan, USA

úr "The Faces of Time - Les visages du temps"
Editor IWA Bogdani, Brussels-Pristina 2025
Þór Stefánsson þýddi

MÓSTEKKUR LÓÐIR UNDIR EINBÝLISHÚS


Árborg auglýsir lausar til umsóknar glæsilegar einbýlishúsalóðir við Móstekki í Björkurstykkinu.

Um er að ræða 26 einbýlishúsalóðir, einna til tveggja hæða einbýlishús, Móstekkur nr. 88-15 Selfossi.

Stærð lóðanna er á bilinu 820 – 845 m² með nýtingarhlutfall 0,35-0,4

Sérstakir úthlutunarskilmálar gilda um lóðirnar.

Athygli er vakin á því að einstaklingar njóta forgangs við lóðarúthlutun sbr. 6. gr. reglna um úthlutun lóða.



Umsóknum skal skilað inn á íbúagátt Árborgar. Skilafrestur umsókna er til 12. desember 2025. Dregið verður úr umsóknum á fundi skipulagsnefndar eftir yfirferð umsókna samkvæmt reglum um úthlutun lóða.

Nánari upplýsingar er að finna á vef Árborgar, www.arborg.is



Sveitarfélagið
ÁRBORG

Persónuleg

Inni á hönnunarvef
Prentmet Odda er
einfalt og **fljótlegt**
að búa til prentaðar
jólagjafir



Sími 482 1944 - Gagnheiði 17, Selfossi
selfoss@prentmetoddi.is
www.prentmetoddi.is - honnun.prentmetoddi.is

honnun.prentmetoddi.is

Myndabækur • Dagatöl • Ko

gar jólagjafir



SENDUM
HVERT Á LAND
SEM ER

ntmetoddi.is

rt • Ljósmyndir • Nafnspjöld

Vertu hreyfiafl, hafðu áhrif á val á FKA viðurkenningarhöfum!

Óþnað hefur verið fyrir tilnefningar vegna Viðurkenningarhátíðar FKA 2026 og félagið kallar eftir tilnefningum um allt land, þar á meðal á Suðurlandi.

FKA Viðurkenningarhátíðin er haldin árlega við hátíðlega athöfn þar sem konur úr atvinnulífinu eru heiðraðar. FKA kallar eftir tilnefningum frá almenníngi og atvinnulífinu. Hægt er að tilnefna konur í einum flokki eða öllum til og með 21. nóvember nk.

Það voru þær Hrefna Ösp Sigfinnsdóttir sem hlaut FKA viðurkenninguna 2025, Arnhildur Pálmadóttir hlaut FKA hvatningarviðurkenninguna 2025 og Geirlaug Þorvaldsdóttir hlaut FKA þakkarviðurkenninguna 2025. Það verður spennandi að sjá hverjar verða heiðraðar á næstu Viðurkenningarhátíð.

Lögð er áhersla á að fá nöfn ólíkra kvenna á lista, fjölbreyttan hóp kvenna af öllu landinu, með ólíkan bakgrunn og reynslu sem dómnefnd mun vinna með

og á endanum velja þær konur sem verða heiðraðar.

Dómnefnd skipuð sjö aðilum fer yfir allar tilnefningar og verða úrslit kynnt á stórglæsilegri Viðurkenningarhátíð FKA á Hótel Reykjavík Grand 28. janúar 2026. Dómnefnd mun meta tilnefningar og á endanum, velja konur sem hljóta FKA

þakkarviðurkenningu, FKA viðurkenningu og FKA hvatningarviðurkenningu.

Hvaða þrjár konur verða heiðraðar? Hafðu áhrif og sendu inn tilnefningu fyrir FKA viðurkenninguna, FKA þakkarviðurkenninguna og FKA hvatningarviðurkenninguna 2025.



Rakel Garðarsdóttir og viðurkenningarhafar ársins Arnhildur og Hrefna. Með þeim er Ingibjörg Kristjánsdóttir hjartalækni sem veitti viðurkenningu móður sinnar Geirlaugu viðtöku og Þorgerður Katrín.

Strætóskýli á Stokkseyri

Nýtt strætóskýli hefur nú verið sett upp á Stokkseyri eftir að bæjarráði Árborgar barst áskorun um að bæta aðstöðu farþega. Mannvirkja- og umhverfissviðið áskotnaðist skýli sem nú er búið að lagfæra og færa í stílinn ásamt því að setja upp á þeim stað sem íbúar lögðu til í gegnum „Betri Árborg“.

Skýlið stendur við hlið húsnæðis Barnaskóla Eyrarbakka og Stokkseyrar á Stokkseyri. Það er málað í bláum lit og tekur sig einstaklega vel út í nálægð við eldri hús bæjarins.

Að sögn Árborgar er uppsetning skýlisins liður að því að efla almenningssamgöngur í sveitarfélaginu og vonast er til að það verði vel nýtt af íbúum. Þá er stefnt að því að setja upp álíka skýli á Eyrarbakka á næstu miss-erum, til að bæta þjónustu enn frekar.



Mynd: Árborg.

Samlestur á Skilaboðaskjóðunni

Stóra verkefni vetrarins hjá Leikfélagi Selfoss heldur af stað í spennandi ævintýri um næstu helgi. Helgina 15.-16. nóvember verður fyrsti samlestur og leiksmiðja fyrir skilaboðaskjóðuna í Litla leikhúsinu við Sigtún. Á samlestrinum verður verkið lesið í gegn en auk þess verður lesturinn brotinn upp með léttum æfingum og sprelli. Æfingar á verkinu munu svo fara á fullt eftir áramót.

Leikstjóri sýningarinnar verður Gunnar Ingi Gunnsteins-son leikari og leikstjóri. Gunnar hefur tekið þátt í og leikstýrt fjölda sýninga, nú síðast Kardimommubænum hjá Leikfélagi Keflavíkur og Ávaxtakörfunni hjá Leikfélagi Hveragerðis. Höfundur Skilaboðaskjóðunnar er Þorvaldur Þorsteinsson og fjallar verkið um dverg sem búa í Ævintýraskógi og ýmsar aðrar ævintýrapersónur sem

þurfa að berjast við ill öfl til verndar samfélagi sínu. Verkið er fullt af skemmtilegum og eftirminnilegum lögum og persónum, frábær skemmtun fyrir bæði börn og fullorðna.

Samlesturinn verður kl. 11:00-15:00 bæði laugardag og sunnudag, 15.-16. nóvember. Leikfélag Selfoss hvetur öll 15 ára og eldri sem eru áhugasöm á að vera með til að mæta. Einnig hvetjum við öll sem hafa áhuga á að starfa með okkur að sýningunni á öðrum póstum til að mæta, t.d. í tónlistarflutningi eða til að taka þátt í starfi á bak við tjöldin við búninga, ljós, hljóð, leikmynd, förðun, miðasölu eða markaðssetningu. Þetta er frábært tækifæri til að taka þátt í skapandi ferli og læra eitthvað nýtt. Hlökkum til að sjá ykkur.

Stjórn Leikfélags Selfoss



Dímon/Hekla hraðmótsmeistari kvenna í blaki

Þrítugasta hraðmót HSK í blaki kvenna var haldið á Laugarvatni 13. október sl. 11 lið voru mætt til leiks sem er ótrúlega góð þátttaka, en liðin sem mættu komu frá Dímon-Heklu, Hamri, Hrunakonum, Hvöt, Mími og Laugdælum.

Mótið gekk nokkuð vel þrátt fyrir örlitlar seinkanir, enda varla við öðru að búast þegar 32 leikir eru spilaðir á einni kvöldstund.

Spilað var í tveimur riðlum

og efstu tvö liðin úr hvorum riðli spiluðu svo til úrslita.

Dímon/Hekla yngri bar sigur úr býtum í úrslitaleik við Hamar og er þar með Hraðmótsmeistari 2025. Þetta er í fjórða sinn sem sameiginlegt lið Dímonar og Heklu nær titli á mótinu. Hamarskonur, sem hafa 18 sinnum fagnað sigri á mótinu, urðu í öðru sæti og Hrunakonur enduðu í þriðja sæti, en þær unnu Dímon-Heklu ungar í leik um 3. sætið.



Sigurliðið á fjölmennu hraðmóti HSK í blaki kvenna. Mynd: Aðsend.

Opíð fyrir umsóknir

FÉLAGSHESTHÚS SLEIPNIS

Umsóknarfrestur: 20.okt – 10.des.



Námskeiðið er frábært tækifæri fyrir börn á aldrinum 11-16 ára sem hafa ekki hest til umræða en langar að kynnast hestamennsku og æskulýðsstarfi Sleipnis.

Tímabil 1 - 12.Jan til og með 25.Feb

Tímabil 2 - 2.Mars til og með 22.Apríl

Kennt á mán. og mið. kl.15:45-17:45

Hægt er að sækja um bæði tímabilin.

Umsóknir og aðrar fyrirspurnir skulu berast á netfangið stjorn@sleipnir.is

Nánar upplýsingar á www.sleipnir.is

Stórtónleikar á Laugarvatni - Tónlistarskóli Árnesinga 70 ára

Tónlistarskóli Árnesinga var settur í fyrsta sinn í október árið 1955 og fagnar því 70 ára afmæli í haust. Í tilefni þessara tímamóta verða haldnir afmælis-hátíðartónleikar þann 15. nóvember kl. 14:00, í íþróttahúsinu á Laugarvatni.

Á tónleikunum leiða saman hesta sína nemendur úr öllum hljóðfæra- og söngdeildum skólans og koma m.a. fram nær allar hljómsveitir og samspilshópar skólans. Gestir tónleikanna eru leikskólabörn úr Uppsveitum (Reykholt, Flúðir, Brautarholt) og má því reikna með að flytjendur í þessu ævintýri okkar verði vel yfir 200 talsins.

Dagskrá tónleikanna er mjög fjölbreytt og skemmtileg. Í verkefnavali er m.a. horft til tón-

ans og koma m.a. fram nær allar hljómsveitir og samspilshópar skólans. Gestir tónleikanna eru leikskólabörn úr Uppsveitum (Reykholt, Flúðir, Brautarholt) og má því reikna með að flytjendur í þessu ævintýri okkar verði vel yfir 200 talsins.

Dagskrá tónleikanna er mjög fjölbreytt og skemmtileg. Í verkefnavali er m.a. horft til tón-

skálda, útsetjara og hljómsveita úr Árnessýslu, auk þess sem tónbókmenntir hljóðfæranna fá að njóta sín.

Við hlökkum til að taka á móti gestum okkar og vonumst til að sjá sem flesta!

Starfsfólk Tónlistarskólans



„Fjölbreytni og nærvera sjúklinga heilla í Hveragerði“

Dröfn Hilmarsdóttir er heimilislæknir á heilsugæslunni í Hveragerði. Hún segist alltaf hafa haft breitt áhugasvið innan læknisfræðinnar og var því alltaf opin fyrir heimilislækningum.

Kandíðatsárið tók hún í Svendborg í Danmörku og var því skipt upp í tvennt. Sex mánuði vann hún á bæklunardeild og sex mánuði á heilsugæslustöð.

„Handverkið á bæklunardeildinni þótti mér einstaklega skemmtilegt, eins og að sauma skurði og rétta brotin bein,“ segir Dröfn og bætir við, „en í heimilislækningum þótti mér fjölbreytnin frábær og góð tilfinning að geta fylgt málum eftir, sem er ekki eins auðvelt í spítalastörfum.“

Í Danmörku bjó Dröfn með manni sínum í tíu ár og eru

eldri börnin hennar tvö fædd og uppalin þar. Eftir flutninga heim til Íslands og aftur á heimaslóðir á Selfoss fékk hún starf á lyflækningadeild og bráðamóttöku HSU. Fljótlega bauðst henni að sækja um fyrstu sérnámslækna-stöðuna í heimilislækningum á heilsugæslunni í Hveragerði. Eftir það var ekki aftur snúið.

Heimilislækningum fylgir líka pappírsvinna eins og vottorðaskrif, sem Dröfn þykir vera áskorun í starfinu. „Aukin pappírsvinna tekur frá okkur dýrmætan tíma, sem mætti betur fara í læknisfræði,“ segir heimilislæknirinn sem vill heldur eyða tíma á gólfi með sjúklingum sínum í Hveragerði.

„Ég vonast til að starfa í mörg ár í viðbót á heilsugæslunni í Hveragerði. Mér leiðist



Dröfn Hilmarsdóttir, heimilislæknir í Hveragerði. Mynd: HSU.

aldrei í vinnunni,“ segir Dröfn sem segist reglulega sinna einföldu handverki líkt og heillaði hana við bæklunardeildina.

Heilbrigðisstofnun Suðurlands

Indæl ævisaga

Þau hjónin Ísólfr Gylfi Pálmason og Steinunn Ósk Kolbeinsdóttir sem búa í Rangárþingi eystra og eru bæði komin á eftirlaun hafa gefið út plötu með fimm lögum sem komin eru á Spotify. Platan heitir Indæl ævisaga og er safn laga sem Ísólfr hefur samið í gegnum tíðina. Platan samanstendur af lögum í hinum ýmsu „stílum“ allt frá sveitatónlist til trúarleggar tónlistar. Ísólfr segir að þetta sé gamall draumur hjá sér. Hann hefur fengist við tónlist frá unga aldri og spilaði á árum áður í nokkrum hljómsveitum. Þegar þau hjónin voru bæði komin á eftirlaun fóru þau að hugsa um það sem aldrei komst í verk á langri starfsævi og eitt af því var að koma þessari tónlist í varanlegt form. Ísólfr fékk til liðs við sig tónlistarmanninn Sigurgeir Sigmundsson sem útsætti lögin og hann hóaði í nokkra valinkunna tónlistarmenn og var platan tekin upp í stúdíó Paradís undir styrkri stjórn Jó-

hanns Ásmundssonar. Steinunn syngur þrjú lög á plötunni, eitt lag, Sveitasömbu syngja þau saman og Ísólfr syngur sveitalagið Indæl ævisaga sjálfur. Þeir sem spila með þeim á plötunni eru auk ofantaldra; Pálmi Sigurhjártarson, Hjörleifur Valsson og Sigfús Óttarson. Um bakraddir sjá þær Elfa Margrét Ingvadóttir og Hjördís Tinna Pálmadóttir sem báðar eiga ættir að rekja til Hvals-vallar.

Þau hjónin segja að það hafi vissulega þurft kjark til að fara í þessa vegferð en þegar upp sé staðið hafi þetta verið hið skemmtilegasta verkefni. Það hafi hjálpað mikið til hversu indælir og hvetjandi Sigurgeir og þeir félagar hafi verið. Þau vilja meðal annars með þessu verkefni hvetja fólk á þriðja æviskeiðinu til að láta drauma sína rætast, hverjir svo sem þeir kunna að vera. Það sé bæði hollt fyrir líkama og sál. Plötuna í heild sinni má nálgast á Spotify undir heitinu Indæl ævisaga.



Félagsfundur
Samfylkingarinnar á Suðurlandi
laugardag 15. nóvember kl 10:30 í sal Rauða krossins að Eyravegi 23 á Selfossi

1. Kosning fulltrúa á þing kjördæmisráðs Suðurkjördæmis
2. Undirbúningur sveitarstjórnarkosninga
3. Ákvörðun félaga í Árborg um aðferð við val á framboðslista

Hlekkur á streymi verður sendur á póstlista Kaffiveitingar
Gamli og nýir félagar hvattir til að mæta.



Hamarskarlar hraðmótsmeistarar fimmta árið í röð

Hraðmót HSK í blaki karla var haldið 15. október á Laugarvatni. Mótið í ár var það þrítugasta í röðinni, en fyrsta hraðmót HSK var haldið árið 1995. Mótið hefur farið fram árlega síðan, utan covid ársins 2020.

Keppnin var hörkuspennandi og skemmtileg og í lok dags var ljóst að Hamarsmenn hefðu unnið hraðmótsmeistaratitil HSK fimmta árið í röð. Hamar er þar með kominn með 14 titla frá upphafi, jafn marga og Hrunamenn sem enduðu að þessu sinni í fjórða sæti.

Laugdælir, sem hafa einu sinni unnið mótið, urðu í öðru sæti og

Mímisdrengir úr ML tryggðu sér bronsið.



Hamarsmenn sigurvegarar á hraðmóti HSK í blaki karla

Söfnuðu 13,9 milljónum í fyrra

Sjóðurinn góði veitti styrki úr sjóðnum í desember 2024 að upphæð 13.900.000 milljónir

Sjóðurinn góði var stofnaður 2008 í kjölfar bankahrunsins.

Sjóðurinn er samstarfverkefni Lionsklúbba, kvenfélaga, kirkjusókna, félagþjónustunnar í Árnassýslu og deilda Rauða krossins í Árnassýslu.

Hlutverk sjóðsins góða er að styrkja einstaklinga og fjölskyldur sem standa höllum fæti og eiga ekki fyrir nauðpurftum

fyrir jólin og einnig á vormánuðum fyrir fermingar.

Gjafir til sjóðsins góða berast frá einstaklingum, félagasamtökum, stofnunum og verslunum bæði í formi peninga og jólagjafa. Tölvubúnaður sem notaður er við umsóknir og úthlutunir hefur Tölvu og Rafeindabjónustan, TRS lánað okkur án endurgjalds í nokkur ár.

Einnig má nefna húsnæði, veitingar, þrjónles að ögleymdri mikilli sjálfböðavinnu.

Starfshóp skipa fulltrúar áðurnefndra aðila og Hjálparstofnun kirkjunnar skipuleggja umsóknarferlið og annast úthlutun. Stuðst er við viðmið Hjálparstofnunar kirkjunnar varðandi mat á umsóknum.

Úthlutað er í desember úr sjóðnum vegna undirbúning jóla og á vormánuðum vegna ferminga.

Allar umsóknir eru trúnaðarmál.

Jólatré voru staðsett í Hvera-

gerði og á Selfossi og hægt var að setja pakka þar undir til gjafa.

Hægt er að leggja inn á Sjóðinn góða allt árið um kring inn á reikning 325-13-301169, kt. 560269-2269.

Starfshópur Sjóðsins góða þakkar öllum þeim aðilum sem styrkt hafa sjóðinn á síðasta ári.

Nú biðlum við til fyrirtækja og almennings að leggja þessum sjóð styrk. Þörfin er mikil eins og önnur ár og sjóðurinn magur.



Suðurland áberandi á Íslensku Menntaverðlauninum 2025

Suðurland var í sviðsljósinu þegar Íslensku menntaverðlaunin 2025 voru afhent á Bessastöðum á þriðjudag. Tveir af fimm verðlaunahöfum komu úr landshlutanum: Örvar Rafn Hlíðdal, íþróttakennari við Flóaskóla, hlaut verðlaun fyrir framúrskarandi kennslu og Framhaldsskólann í Vestmannaeyjum fékk verðlaun fyrir framúrskarandi framlag til iðn- og verkmenntunar.

Forseti Íslands flutti ávarp við athöfnina og sagði mikilvægt að „lyfta því upp sem vel er gert og beina sviðsljósinu að styrkleikum í skólastarfi.“

Örvar Rafn er heiðraður fyrir einstakan árangur í íþróttakennslu og árangur Flóaskóla í Skólahreysti undir hans leiðsögn. Í umsögnum var hann sagður einstaklega laginn við að ná til allra nemenda, hvort sem væri að hvetja vatnshrædd börn til fyrstu sundtaka eða hvetja öflugunglinga til dáða.

Framhaldsskólann í Vest-



Örvar Rafn Hlíðdal. Mynd: SASS.

manneyjum fær viðurkenningu fyrir framúrskarandi starf í kennslu mál- og vélstjórnargreina þar sem námi hefur verið umbreytt í atvinnulífstengt ferli

þar sem nemendur vinna raunhæf verkefni sem endurspeglar aðstæður í atvinnulífinu.

Aðrir verðlaunahafar voru: Framúrskarandi skólastarfi:



Fulltrúar Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum. Mynd: SASS.

Skólahljómsveit Vesturbæjar og Miðbæjar.

Framúrskarandi þróunarverkefni: Lítill skref á leið til læsis (Húsavík).

Hvatningarverðlaun: Starfsfólk Háaleitisskóla í Reykjanesbæ.

Samtök sunnlenskra sveitarfélaga

Við prentum ljósmyndir

honnun.prentmetoddi.is

Pantað ljósmyndir í öllum algengustu ljósmyndastærðunum.



Sími 482 1944

selffoss@prentmetoddi.is



SENDUM
HVERT Á LAND
SEM ER

Jarðvinna hafin vegna nýs leikskóla á Hellu

Hafin er nú jarðvinna vegna nýrri byggingu á leikskóla á Hellu. Búið er að girða af vinnusvæðið þar sem byggingin mun rísa og hefst vinna við grunnhússins á næstu dögum.

Uppbygging á skólasvæðinu á Hellu hefur verið umfangsmikil síðustu ár. Brátt verður lokið við stækun grunnskólans og nýr gervigrasvöllur í fullri stærð var tekinn í notkun nýverið.

Mikil eftirvænting ríkir varðandi nýja leikskólann, sem er hannaður í samræmi við nýbyggingu grunnskólans. Hann mun taka á móti vaxandi barnahóp í sveitarfélaginu, sem fylgir stöðugri fólksfjölgun á svæðinu.

Mikil umferð stórra vinnuvéla er inn og út af svæðinu og eru íbúar beðnir um að sýna aðgát í nágrenni þess. Þá er sérstaklega brýnt fyrir foreldrum og forráðamönnum að minna börn á að fara alls ekki inn á vinnusvæðið.



Teikning að nýja leikskólanum. Mynd: Rangárþing ytra.



Grafa og flutningabíll á vinnusvæðinu þar sem leikskólinn mun rísa, austan við grunnskólann. Mynd: Rangárþing ytra.

Manúela Maggý

sigrar söngkeppni NFSu

Manúela Maggý Friðjónsdóttir Morthens sigraði söngkeppni NFSu, sem haldin var í Iðu á Selfossi 5. nóvember sl. Manúela sigraði með laginu Ekkert breytir því með Sálinni hans Jóns míns sem gerir Manúelu að fulltrúa FSu í söngkeppni framhaldsskólanna næsta vor.

Í öðru sæti varð Hugrún Erla Jóhannsdóttir og í þriðja sæti Leví Abranja Jónasson. Þá voru einnig veitt sérstök verðlaun fyrir frumlegasta atriðið en þau hlaut Ásthildur Cesil Bjarkadóttir fyrir flutning á frumsömdu lagi.

Alls voru níu atriði sem tóku þátt og heppnaðist keppnin vel. Það var hljómsveitin Koppafeiti sem sá um undirspil hjá öllum keppendum kvöldsins. Salurinn var fullur og ýmis skemmtiatriði stígu á svið. Sigurvegari söngkeppninnar í fyrra, Ronja Lena Hafsteinsdóttir, flutti sigurlagið sitt og unglingahljómsveitin Frú Eydís tók nokkur 80's lög. Þar að auki sýndi Dansstúdíó WC dansatriði.



Manúela Maggý, sigurvegari söngkeppni NFSu 2025. Mynd: FSu.



Sudoku-þraut vikunnar

					3			9
1		3		8		4		
2							5	3
		2		9	4	7	6	
	6		5	3	2			
		4						
						3		
		5	3	2	8	9		
	2						1	5



Tónlistarskóli Árnesinga 70 ára

Afmælis-hátíðartónleikar 15. nóvember kl. 14:00
í íþróttahúsinu á Laugarvatni.

Á tónleikunum koma fram allar hljómsveitir-, samspilshópar og kórar tónlistarskólans, ásamt leikskólabörnum úr Uppsveitum (Reykholt, Flúðir, Brautarholt).

Fjölbreytt og skemmtileg dagskrá með bæði innlendum og erlendum lögum.

Aðgangur að tónleikunum er ókeypis.

Verið öll hjartanlega velkomin!
Starfsfólk Tónlistarskólans



FUNDIR



OPNUNARTÍMAR

Mánudaga kl. 11-14
Opíð hús

Þriðjudagar kl. 11-13
Upprekjur

Þriðjudagar kl. 14-16
Unga fólkíð

Miðvikudagar kl. 11-14
Opíð hús

Fimmtudagar lokað
Viðburðir auglýstir sérstaklega á Brosiðunni

Föstudagar kl. 11-13
Opíð hús

Fyrsta þriðjudag í mánuði
Karlahöpurinn Smárarnir kl. 18
Eyravegur 31, Selfossi

Sími 482 1022 og 788 0300
arnessysla@krabb.is
krabbameinsfelagarnessyslu.net

Facebook: Krabbameinsfélag
Árnessýslu/Brosið/Smáranir

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir - einn dagur í einu, alla laugardaga.
Nýliðafundur hefst 9:30 og Al-Anon fundur strax að honum loknum klukkan 10:00.

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum í Hrísholti 8. Nýliðafundur kl. 20:00. Fundur kl. 20:30.

AA

Mán. kl. 20:30 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA opinn fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi

Polskie mitingi aa grupa krokus. Poniedzialek i czwartek i sobota godzina 19:00. Hrísholt 8 - 800 Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni

Fundur alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirkni

Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1, Þorlákshöfn
Miðvikudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg

Fundur í Rauðakrosshúsinu, Mánamörk 1, Hveragerði, neðri hæð, miðvikudaga kl. 19:30.

ÞJÓNUSTA



Daglegar ferðir

SELFLOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND



Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Fjárheimar ehf.

Eyravegi 37, 2h - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við einstaklinga og fyrirtæki
Persónuleg þjónusta



decasoft

Copilot - hvað er það?

lærðu að nýta gervigreindina í leik og starfi

Fræðsla og ráðgjöf
í upplýsingatækni
decasoft@decasoft.is

FÉLAGSSTÖRF



SKRIFSTOFA FEBSEL

Opin fimmtudaginn
13. nóvember kl. 13:00-14:30

OPIÐ HÚS

Fim. 13. nóvember kl. 14:45

LÉTTIR SÖNGVAR
OG SÖGUR
ELLERT BORGAR ÞORVALDSSON
ÁSAMT BARNABARNI

Kaffi 200 kr.
Kaffi og kökur 1500 kr.

KIRKJUR

Eyrbakkakirkja

Messa sunnudaginn 16. nóvember kl. 11:00. Kammerkórinn syngur, kantor Pétur Núi Stefánsson, prestur Gunnar Jóhannesson.

Gaulverjabæjarkirkja

Messa sunnudaginn 16. nóvember kl. 14:00. Kirkjukórinn syngur, kantor Pétur Núi Stefánsson, prestur Gunnar Jóhannesson.

Selfosskirkja

Kvöldmessa sunnudaginn 16. nóvember kl. 20:00. Kirkjukórinn syngur ásamt hljómsveit kórsins, prestur Gunnar Jóhannesson. Sunnudagaskólinn verður á sínum stað sunnudaginn 16. nóvember kl. 11:00. Umsjón Sjöfn og leiðtogar. Bænastundir miðviku- og fimmtudaga kl. 10:00. Krílasálmur miðvikudaga kl. 10:15 og foreldramorgnar á eftir. Þriðjudagssamvera þriðjudaginn 18. nóvember kl. 14:00, gestur Magnús Kjartansson.

Guðsþjónusta

Laugardaginn 15. nóvember klukkan 11:00
Ómar Torfason leiðir
Bíbliurannsókn
Osi Carvalho predikar.

Barna og unglingastarf á sama tíma

Safnaðarheimili Sjöfundadags
Aðventista
Eyravegi 67 - Selfossi

Allir hjartanlega velkomnir

Hrunakirkja

Guðsþjónusta sunnudaginn 16. nóvember kl. 11. Félagar úr kirkjukórnum leiða sönginn. Verið öll hjartanlega velkomin!

Stóra-Núpskirkja

Guðsþjónusta sunnudaginn 16. nóvember kl. 13. Félagar úr kirkjukórnum leiða sönginn undir stjórn Þorbjargar Jóhannsdóttur organista. Verið öll velkomin!

Hvítasunnukirkjan Selfossi

Samkoma á sunnudögum kl.11:00

English translation available.

Unglingasamkomur á fimmtudögum kl. 20:00

Allir innilega velkomnir.

www.selfossgospel.is

Skálholtsdómkirkja

Messa á degi íslenskrar tungu sunnudaginn 16. nóvember kl. 11. Sr. Axel Á. Njarðvík héraðsprestur þjónar og minnist meðal annars skáldsins Jónasar Hallgrímssonar og gjafanna sem hann skildi eftir sig. Jón Bjarnason dómorganisti leikur á orgel og flygil og leiðir almennan safnaðarsöng. Innilega velkomin.

Valdimar kynnir bókina Utanveltumaður

Laugardaginn 15. nóv. kl. 11:00 verður bókarkynning í bókasafninu á Selfossi. Þar mun Valdimar Gunnarsson kynna bók sína, Utanveltumaður, ævisögu Frimanns B. Arngrímssonar og lesa úr henni. Valdimar Gunnarsson er Eyfirðingur. Hann lauk BA-prófi frá HÍ 1971 og kenndi árum saman við Menntaskólann á Akureyri, íslensku, sögu og fleiri greinar. Hann hætti kennslustörfum 2013 og hefur síðan fengist við ýmisleg fræði, einkum ættfræði á snærum IcelandicRoots, sem er vefur helgaður Vestur-Íslendingum. Hann hefur skrifað nokkrar greinar í

blöð og tímarit, þar sem hann hefur grafið eitt og annað upp úr gömlum skjölum og skræðum.

Utanveltumaður er fyrsta bók Valdimars og segir frá sérkennilegum Eyfirðingi sem fór vestur um haf, lærði meira en aðrir, var einnig á Bretlandi og í París áður en hann sneri aftur til Íslands 1914, þá nær sextugur. Hann hafði fjölmargar hugmyndir um margvísleg efni til framfara fyrir land og þjóð en fékk aldrei neinn hljómgrunn hvar sem hann fór. Að sumu leyti má kenna honum um það en hann var líka talsvert langt á undan sinni samtíð og átti ekki heldur neitt bakland hér á landi.



FRUMHERJINN SEM ALLIR FYRIRLITU

SAGA FRIMANNS B. ARNGRÍMSSONAR EFTIR VALDIMAR GUNNARSSON



Kápan á bókinni Utanveltumaður



Héraðsmótið í borðtennis á Laugalandi. Mynd: Aðsenn.

Garpur vann stigabikarinn á héraðsmótinu í borðtennis

Alls voru 100 keppendur frá sex félögum skráðir til leiks á héraðsmót HSK í borðtennis, sem fram fór að Laugalandi sunnudaginn 19. október sl. Mótið hefur einu sinni áður verið haldið á Laugalandi, en það var árið 1988.

Segja má að um 50 ára afmælisfyrirbætur hafi verið að ræða, en fyrsta héraðsmótið var haldið

árið 1975. Mótið hefur verið haldið nær árlega síðan.

Á mótinu í ár var keppt í tólf aldursflokkum. Garpur vann stigabikarinn annað árið í röð og í þriðja sinn í sögu mótsins. Dímon sem hefur unnið stigakeppnina oftast allra, eða 20 sinnum, varð í öðru sæti og Sel-fyssingar urðu svo í fjórða sæti.

Stigakeppni félaga:

1. Íþr.f. Garpur	90,75 stig
2. Íþr.f. Dímon	64,75 stig
3. Umf. Selfoss	33,5 stig
4. Umf. Stokkseyrar	2 stig
5. Umf. Gnúpverja	0 stig

TIL LEIGU

Til leigu
3ja herb. íbúð 50+ í Grænumörk, Selfossi.
Geymsla og bílastæði í kjallara

Uppl. í síma 844 7732

HEILSA

Energy Touch
- Nudd
- Heildræn
meðhöndlun



Yoga Nidra byrjar
20. okt. kl. 17:00
22. okt. kl. 17:30
24. okt. kl. 10:00



Ragnhildur
Sigurðardóttir
Sími 693 2197
ragnhildurgagga.is

Cand.mag. í þróttfræðum,
nálastungur, yoga,
NLP-master/coach,
heilsumuddari,
Hugræn atferlismeðferð,
meta medicine.



Vertu klár í næsta ár

Hjá okkur færðu Framkvæmdabókina 2026 og Dagbók með almanaki 2026 í mörgum litum.



Umbúðir

Almenn
prentun

Bækur



Límniðar



Stimplar

☎ 482 1944

📍 Gagnheiði 17, Selfossi

🌐 prentmetoddi.is

✉ selfoss@prentmetoddi.is

Prentsmiðja
1041 0858

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

DFS.is
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Hafðu samband
og fáðu tilboð í
auglýsingar í blaðið
og á vefinn.

Sími 482 1944
auglysingar@dfs.is



Ökukennsla

Kristinn M. Bárðarson
S: 896-5798 / 777-5798

Beinskiptur /
Sjálfskiptur bíll



ÖKULAND

Endurmenntun
atvinnubílstjóra
Akstursþjálfun
Meirapróf
okuland.is



Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti

Bilverk BA

Þar sem
fagmennirnir vinna



Vottað verkstæði

Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424
bilverkba.is

FROST

KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFÖSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS



BRAGA AF
VINATU!
Fæst hjá
BYKO Selfossi

Sprettur
ÁBURÐUR



Skeljungur

Lúðvík Bergmann, Viðskiptastjóri
GSM: 840 3009



Áreiðanlegir pípulagningaverktakar

**NÝLAGNIR - HITAKERFI
FRÁRENNSLI - VIÐGERÐIR**

Sími 769 0001
lagnaland@lagnaland.is

**Raflagnir
Tölvulagnir
Ljósleiðaralagnir**



TRS

Gagnheiði 26, Selfoss
480 3300 ■ www.trs.is



**ALHLIÐA PÍPULAGNINGA
VERKTAKAR**

Eyjólfur - Sími 888 8001
Guðjón - Sími 888 8002
800lagnir@800lagnir.is

Pípulagnir Júlla

Persónuleg þjónusta

Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir

Sími 772 1456 - ornja@bntnet.is - www.pipulagnirjulla.is

LÖGGILTUR HÚSASMÍÐAMEISTARI

NÝSMÍÐI · VIÐHALD · BREYTINGAR

KARL S:692-2575
800SMIDI@GMAIL.COM



ÖLL ALMENN SMÍÐAVINNA

848 0964 899 0979
GÍSLI ÖRN

GBHUSEHF@GMAIL.COM



Lagnabjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími



Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir



Lagnir og Lausnir ehf
Ykkar óskir, okkar lausnir

Kristinn 660 1580 Einar 660 1581 lagniroglausnir.is



PÚLSINN

Raf & kæliþjónusta

Kæli & Frystikerfi
Viðgerðir · Þjónusta
Nýsmíði · Rafmagn

Sími: 760-5670 · pulsinn@pulsinn.com

**VÉLSMÍÐJA
SUÐURLANDS ehf**
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

**Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmiði**

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

STÍFLULOSUN
SUÐURLANDS

stiflulosun.is

- Stíflulosanir
- Lagnamyndun / Ástandsskoðanir
- Sónum út Lagnir
- Lagnafóðrun
- Rotþrær
- Fitugildirur
- Sandgildirur
- Skólphreinsistöðvar
- Holræsaheinsun

ÁRATUGA REYNSLA
OG SÉRÞEKKING
Á FRÁVEITUMÁLUM

VIÐ ÞJÓNUSTUM

EINSTAKLINGA
FYRIRÆKI
HÚSFÉLÖG
SVEITAFÉLÖG



510-1180 / 669-8441



**Stíflupjónusta
Sævars** *Selfossi*
Sími: 861 1919
stifla.selfoss@gmail.com

YFIR
20 ÁRA
REYNSLA

**Stíflulosun úr lögnum
Myndun lagna
Rótarskurður o.fl.**



**Vinnuvélanámskeið
á netinu!**

www.vinnuvelaskolinn.is